

til annarra staða, annast forráðamenn bálstofu einir um sendinguna, og skulu þeir aðeins senda öskuna hlutaðeigandi sóknarprestum eða kirkjugarðsvörðum, eða eftir atvikum forráðamönnum bálstofu, er skulu sjá um jarðsetningu öskunnar. 4
9. jan.

9. gr.

Ef brennsla fer fram utan heimilssóknar hins látna, ber forráðamönnum bálstofu að tilkynna sóknarpresti í heimilissókn hins látna brennsludag og stað.

Ef ösku er komið fyrir utan heimilissóknar hins látna, ber þeim, er annast um jarðsetningu, eða aðra geymslu öskunnar, að tilkynna sóknarpresti í heimilissókn hvar öskunni hefur verið fenginn staður.

10. gr.

Eigi skal heimilt nema með leyfi ráðuneytisins að flytja ösku frá þeim stað, er henni hefur verið valinn samkvæmt ofansögðu.

11. gr.

Um duftreiti og kapellur innan kirkjugarða fer eftir þeim reglum, er settar eru af lögskipuðum forráðamönnum kirkjugarðanna, og skulu þeir um þessi efni hafa samráð við forráðamenn bálstofu, er að kirkjugarði liggur.

12. gr.

Ef forráðamenn bálstofu vilja koma upp duftreiti eða geymsluhvelfingum utan kirkjugarða og í sambandi við bálstofuna, skulu um þetta settar reglur, er ráðuneytið samþykkir.

13. gr.

Ef bálstofa er lögð niður, skulu öll skjöl og bálfarabækur afhentar ráðuneytinu. Ráðuneytið skal ávallt eiga aðgang að öllum bókum og skjölum bálstofu.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1951.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, um stóreignaskatt samkvæmt

12. gr. laga nr. 22/1950.

1. gr.

21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðar kærur út af álagningu stóreignaskatts og má áfrýja úrskurði hans til ríkisskattaneftar Íslands.

Kærufrestur til skattstjóra er í Reykjavík til 15. febrúar og annars staðar á landinu til 28. febrúar 1951.

Skattstjóri skal hafa lokið að úrskurða kærur í síðasta lagi 15. apríl 1951.

Kærufrestur til ríkisskattaneftar er til 15. maí 1951, og skal hún hafa lokið kærúrskurðum í síðasta lagi 30. júní 1951.

5 Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði
10. jan. ríkisskattanevndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 15.
ágúst 1951.

2. gr.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar
komi: 15. júlí 1951.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22 1950 og breytingum á
þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1951.

Eysteinn Jónsson.

Magnús Gíslason.

6

REGLUGERÐ

12. jan.

um breyting á reglugerð nr. 162/1949, um Þjóðleikhús.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri leikhúss-
ins. Leita skal samþykkis þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er
stofnunina varða, svo sem fjárhagsáætlun leikhússins ár hvert, fjölda fastráðinna
leikara og annarra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra, verð á aðgöngumiðum,
meiri háttar breytingar á rekstri leikhússins og enn fremur bera undir það þau
málefni, er formaður ráðsins eða þjóðleikhússtjóri æskja að það fjalli um.

2. gr.

5. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra ræður skrifstofustjóra Þjóðleikhúss að fengnum tillögum
þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra. Skrifstofustjóri hefur á hendi reikningshald
stofnunarinnar, fjárreiður og önnur störf, er varða daglegan rekstur, undir stjórn
þjóðleikhússtjóra. Skrifstofustjóri getur gert tillögur um allt, sem lýtur að bættri
fjárhagsafkomu stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart þjóð-
leikhússtjóra og þjóðleikhúsráði.

Reglugerð þess, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 86/1947, um
Þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 12. janúar 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.